

1922 María, f. 6. 5. 86, Steinþórsdóttir b. og útg. í Dalshúsum Jónssonar.

Kristján Jóhannesson, f. 8. 4. 66 á Skógsnesi í Flóa. For. J. Stefánsson, b. þar, og k. Pálína, f. 23. 11. 34, Pálsdóttir b. í Hólshúsum í Flóa Þórðarsonar. Vinnum. hjá P. Nielsen, verzlstj. á Eyrarb., um hrifð og verzm. Bókari við Lefoliis-verzlun mörg ár. Stofnandi, ásamt fleirum, Kf. Hekla á Eyrarb. 1904 og forstj. þess síðan til dauðadags. Í stjórn Sparisjóðs Árnessýslu 1893—1909. Snm. um hrifð. Starfaði mikið í I.O.G.T., umbm. S.T. og sat á Stórst.þingum. D. 8. 2. 1910 á Eyrarb. K. 18. 8. 94 Elín, f. 5. 3. 71, Sigurðardóttir frá Eyrarb. Gamalielssonar.

Kristján Jónasaron, f. 27. 12. 48 á Narfastöðum í Reykjadal. For. J. b. þar, f. 1806, d. 11. 3. 79, Bjarnarson, og k. Herdís, f. 22. 6. 19, Ólafsdóttir á Narfastöðum Grímssonar. Verzlunarumbm. einn inn fyrsti meðal Íslendinga, búsettur í Khöfn. Vel að sjer í Íslendingasögu og ættfræði m. m. D. 6. 6. 1905 í Friðriksspítala í Kh. Ókv.

Kristján Jónasson (Chr. Johnsen), f. 16. 9. 42 í Hrísakoti á Skógarströnd. For. J. Gíslason, b. þar og á Ytra-Leiti, f. um 1812, kallaður Skógstrendingaskáld, og k. Halldóra, f. 4. 4. 23, Bjarnadóttir b. í Laxárdal á Skóg. Gíslasonar. Verzm. hjá W. Fischer í Rvík frá unglingsárum. Kaupm. um skeið á Ak. til aldámóta. Fluttist þá til Khafnar. Dvaldist nokkur ár í Rvík frá 1910, en fluttist á ný til Khafnar. Gaf sjóð til glaðningar fátækum börnum á Ak. D. um 1920 í Kh. K. 5. 9. 74 Jane Marie, f. 27. 11. 54, dóttir Mórítz V. Biering, kaupm. í Rvík. Skildu.

Kristján Jónsson, f. 23. 2. 48 á Yztafelli í Kinn. For. J. pr. þar og alþm. og síðast á Breiðabólstað í Vesturhópi, Kristjánsson [frá Illugastöðum í Fnjósk.] og k. 16. 7. 39 Guðný Sigurðardóttir b. á Grímsstöðum Jónssonar. B. í Viðidalstungu laust eftir 1880 (1882 líkl.) og bjó þar um aldarfjórðung. Hrstj. um langt skeið og hrn.oddviti. Hestamaður einn inn mesti í Húnaþingi. Fluttist til sonar síns í Rvík á efra aldri. D. 18. 1. 1932 í Rvík. K. Gróa Ólafsdóttir, systir Jóns hrstj. á Sveinsstöðum í Þingi.

Kristján Jónsson, f. 4. 3. 52 á Gautlöndum við Mývatn. Albr. Jóns b. og kfstj. á Hjeðinshöfða. Stúd. 1870. Cand. jur. 1875. Skrifari hjá landfög. 1876—77. Skip. sýslum. í Gullbr.- og Kjósarsýslu 16. 8. 78 og settist að í Hafnarf. Skip. 2. meðdómari og dómsmálaritari í landsyfirdóminum 28. 7. 86, 1. yfirdómari 16. 4. 89, háyfirdómari 30. 3. 08. Jafnframt embætti sínu settur amtmaður í Suður- og Vesturamtinu 29. 9. 91—1. 7. 94. Ráðherra Íslands 14. 3. 11. Lausn 24. 7. 12. Skip. 13. 8. s. á háyfirdómari á ný, dómari í hæstarjetti 1. 12. 19. Form. í millipn. í kirkjumálum 1904, en sagði því starfi af sjer 1905. Gæzlstjóri Landsbankans 1898—1909. Aftur kosinn gæzlstjóri 1911, en sagði því af sjer. Kgj. alþm. 1893—1904, þm. Borgf. 1908—14. Forseti Ed. 1909. Endurskoð. landsreikn. 1889—95. Bankastjóri í

Íslandsbanka 1912—14. Í niðurj. nefnd Rvíkur 1896—1902 og var form. Bæjarfr. 1903—10. Form. fátækranefndar 1905—08. Kenndi kirkjurjett við prestaskólann 1889—1908. Var mörg ár í stjórn Landsbókasafnsins til 1907. Forseti Rvíkurd. Bókmfjel. 8. 7. 04—8. 7. 09. R. Dbr. 1907. Stkr. F. 1922. K. Dbr. II. 1912. Heiðursfjel. Bókmfjel. 16. 4. 10. D. 2. 7. 1926 í Rvík. K. 22. 10. 80 Anna, f. 31. 7. 52, d. 2. 12. 21, Þórarinsdóttir, als. Jóns fræðslumálastjóra.

Kristján Jónsson, f. 12. 4. 58 á Syðra-Hóli í Kræklingahlíð. For. J. Sigfússon [b. á Brennihóli í Kræklihlíð Jónssonar] og k. 1. 11. 53 María Rannveig Kristjánsdóttir b. í Hraukbæjarkoti í Kræklihlíð Bergþórssonar, vinnuhjú þar þá. Lærði trjesmíði á Ak. á unga aldri hjá Snorra Jónssyni, timburmeist. og kaupm. B. í Glæsibæ við Eyjafj. 1888—1928. Stundaði einnig sjó, vann mikið að smíðum og var verkstjóri við síldarsöltun. Fararstjóri Eyfirðinga í konungsför 1907. Snm., hrnm., sáttamaður. Í stjórn Amtsbókasafnsins á Ak. um hrifð. Stofnaði bindindisfjel. í sveit sinni og hjelt því uppi lengi. Í stjórn Bindindissameiningar Norðurlands mörg ár og um tíma form. Mikill bindindisfrömuður norðanlands. D. 10. 3. 1928 í Glæsibæ. K. 3. 6. 81 Guðrún, f. 22. 3. 55, d. 24. 1. 26, Oddsdóttir b. á Dagverðareyri við Eyjafjörð Jónssonar.

Kristján Jónsson, f. 4. 4. 63 á Hjöllum í Gufudalssveit. Albr. Ara Arnalds fv. bæjarfög. á Seyðisf. Ráðsmaður um hrifð í Bæ í Króksf. hjá Ólafi lækni Sigvaldasyni. B. á Skerðingsstöðum í Reykhólasveit. Hrstj. frá 1900 um nokkurt skeið. K. Agnes, f. 28. 5. 79, Jónsdóttir í Hafnarhólma í Strand. Magnússonar.

Kristján Hans Jónsson, f. 21. 5. 75 á Hörðubóli í Dalas. For. J. Jóhannsson, b., frá Laxárdal á Skógarströnd, og k. Sofía Ólafsdóttir. Fluttist til Ísafjarðar 1896 og nam þar prentið hjá Stefáni Runólfsyni. Prentari í Aldarprentsmiðju í Rvík 1899—1901. Rjeðst til Prentsmiðjufjel. Vestfirðinga 1901. Varð ábm. „Vestra“ og tók þátt í ritstjórn hans. Keypti prentsmiðjuna 1902 og blaðið og annaðist ritstjórn þess að öllu leyti 8 ár. Stóð framarlega í flokki í I.O.G.T., fjeckst um tíma við bókagerð, kaupsýslu og sjávarútveg. Bæjarfr. um hrifð. D. 27. 9. 1913 á Ísaf. K. 23. 2. 03 Guðbjörg, f. 21. 1. 74, Bjarnadóttir b. á Birningsstöðum og Vöglum í Fnjósk., f. 1. 1. 23, d. 29. 9. 76, Jónssonar pr. í Reykjahlíð Þorsteinssonar.

Kristján Jónsson, frá Garðsstöðum, f. 18. 2. 87 á Garðsstöðum í Ögurhr., N.-Ísafjs. Albr. Jóns Auðuns Jónssonar alþm. Nám í verzlunarskóla í Khöfn 1907—08. Erindreki Fiskifjel. Íslands frá 1922 og endurskoðandi útíbús Landsb. á Ísaf. frá 1938. Verzm. á Ísaf. 1904—16. Oftast við síldarmat 1916—33. Þátttakandi í ritstjórn og útgáfu blaðsins „Vestra“ 1911. Ritstjóri og útgefandi „Vestra“ 20. 4. 13—31. 12. 18. Rak jafnframt prentsmiðju „Vestra“, fyrst í fjelagi með öðrum, síðan 1917—19 einn. Fiskipingsfr. 1922—32 og 1938 og síðan. Í yfirséttanefnd 1928 og síðan. Skip. í millipn. í sjávarútvegsmál-